

## Skólaráðsfundur 30.11. 2021

**Mættir:** María-skólastjóri, Ari Magnús- forstöðumaður Stjörnuheimar, Alfreð matreiðslumeistari, Ingibjörg Bjarney-kennari, Álfrún Ýr -kennari, Þórey -foreldri, Þorvar-grenndarfulltrúi, Stefán- nemandi og Sunna Sól -nemandi, Sunna Rut- forstöðukona Dimmu.

Ingunn -aðstoðarskólastjóri ritari.

*Fundur hefst kl: 8:32.*

### Starfsáætlun Stjörnuheima – Ari

- Gengur mjög vel
- Orðin full mönnuð
- 120 börn skráð í frístund
- Farið yfir starfsemina
- Valið kynnt
- Klúbbastarf í 3. og 4. bekk
- Nemendum er skipt upp, 1. og 2. bekkur saman og 3. og 4. bekkur saman.
- Fréttabréf sent vikulega
- Barnaráð hefur hafið göngu sína á ný: 8 börn á einum fundi, allir nemendur fá að fara í barnaráð – markmið er að hlusta á raddir barna og bæta Stjörnuheima. Allir í ráðinu fá hlutverk – ritari, flokkari, lesari, kaffistjóri. Margar góðar hugmyndir koma frá börnunum. Gerir starfið betra og raddir þeirra fá að heyrast. Mikilvægt að framkvæma þær hugmyndir sem koma fram. Nemendur í barnaráði eru í 2.-4. bekk.
- Matsalur: Ástand þar hefur lagast. Um 90 börn borða á sama tíma.
- Allir starfsmenn í frístund fóru á námskeið 18. nóvember, hjá Þórhildi kennsluráðgjafa sem var með fræðslu um ólíka nemendur. Allir starfsmenn ánægðir með námskeiðið.

### Starfsáætlun Dimmu - Sunna

*María* : Dimma mun flytja inn í hús og vera í tónmenntastofunni. Tilhlökkun að komast inn í skólann. Það flækir aðeins hlutina að vera á tveimur stöðum.

- Sunna nýr forstöðumaður, er að koma sér inn í stafið. Gengur vel í Dimmu
- Yfirskrift starfsársins er virðing og umhyggja – Það er skortur á almennri virðingu hjá nemendum, bæði gagnvart hvort öðrum (nemendum), eigum Dimmu og starfsmönnum
- Ball, sem var í haust - tvískipt vegna covid: gekk vel. Efri og neðri byggð
- Allt komið í lás aftur – nú er búið að fresta öllu aftur.

- Desember á dagskrá – jólaball – líklegt að jólaballið falli niður – við vonum það besta en erum meðvituð.
- Búið að fresta. t.d. góðgerðatónleikum sem strákar í 10. bekk sjá um í samstarfi við Dimmu og skólann.

*Ingibjörg:* Verður ekki jólaball? Jú, það er á dagskrá 15. des ef covid leyfir. Mismunandi eftir skólum. EF ball verður á einum stað það er það í öllum skólum.

*Pórey:* hvernig er starfsemin, hvað er verið að gera? Skipulögð dagskrá fyrir mánudaga og miðvikudaga. Dagskrá er unnin í samvinnu við nemendaráð. Misjafnt hvað við gerum – hugmyndir nemenda. Opið í hádegi og stundum boðið upp á núðlur ofl. Yfirleitt vilja unglingarnir bara spjalla og fara í Playstation

- Miðstigs opna frá kl: 17:00-18:30 1x 7. bekkur - 2x5.-7. bekkur í mánuði.
- Skólinn og Dimma vinna saman í samstarfi – gott og mikið samstarf – Dimma er ekki á vegum skólans. Dimma heyrir undir Frístundar- og forvarnardeild. Bæði skólinn og Dimma heyra undir Menntasvið.

### **Desemberdagskrá: tvö plön í gagni.**

- Skreytingadagur 3. Des – Jólakaffihús í salnum allir árgangar út frá takmörkunum, heitt kakó og smákökur, lestur upp úr bók, hefð á aðventunni – Jólasveinaleikar hafa verið hjá okkur, þar eru allur skólinn saman og skipt upp í lið þvert á árganga.
- Jólasveinaleikar eru fyrirhugaðir 15.des – höfum fengið Kórinna lánaðan. Þurfum að breyta dagsetningu vegna tónleika og fáum ekki Kórinna 15. des. Jólasveinaleikarnir færðir til 17. desember. Samþykkt af skólaráð. Allir samþykkir.
- Ef ekki verður hægt að halda jólasveinaleikana í þeirri mynd sem þeir hafa verið er ætlunin að halda mini Jólasveinaleika innan árganga.
- Litlu jól – 1.-10. bekkur mæta á jólastund þann 20. desember í u.þ.b. 1.5- 2 tíma fyrir hvern árgang.
- Margt skemmtilegt í gangi – kennarar duglegir að brjóta daginn upp í desember t.d. með ljósagöngu, skautiferð og fleira.
- Helgileikurinn – verður líklega sýndur í streymi.
- Skólinn reynir eftir fremsta megni að halda viðburðum en með breyttu sniði.
- Frístund opin í jólafríinu og skráning er í hana. Það þurfa að vera að lágmarki 8 börn skráð til að opið verði í frístundinni.

Önnur mál :

Rætt um Dimmu og mætingu þar. Einnig rætt um helgileikinn.

**Næsti fundur er 18. janúar 2022**

**Fundi slitið 9:22**